



**Sjálfsmatsskýrsla FSH
2019-2020**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1. Haustönn 2019.....	2
1.1. Niðurstöður námsmats haustannar 2019.....	2
1.2. Innritun nýnema á haustönn 2019	3
1.3. Brottfall haustannar 2019.....	3
1.4. Könnun á viðhorfi foreldra haust 2019	3
2. Niðurstöður kennslu-og áfangamats á haustönn 2019.....	6
2.1. Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu- og áfangakannanir á haustönn 2019	6
3. Vorönn 2020.....	7
3.1. Niðurstöður námsmats vorannar 2020.....	7
3.2. Brottfall vorannar 2020	8
3.3. Viðhorf kennara til breyttra kennsluhátta á tímum Covid-19 vorönn 2020	8
4. Fall og brottfall á skólaárinu 2019 - 2020	10
4.1. Umfjöllun um brottfall.....	10
4.2. Úrbótatillögur vegna falls og brottfalls á skólaárinu	11
Lokaorð.....	12
Viðauki	13

Gögn í viðauka:

Könnun á viðhorfi foreldra haust 2019.

Kennslu- og áfangakönnun haust 2019.

Námsárangur haustönn 2019 og vorönn 2020, ásamt einkunnadreifingu

V09-V20

Inngangur

Aðalmatsþættirnir á haustönn 2019 voru *foreldrakönnun*, ásamt hefðbundinni kennslu- og áfangakönnun.

Á vorönn 2020 var framkvæmt *viðhorfskönnun meðal nemenda*. Einnig voru lagðar fyrir hefðbundnar kennslu- og áfangakönnunir á vorönn


Í þessari skýrslu er reynt að finna ástæður fyrir brotthvarfi nemenda frá skólanum eins og undanfarin skólaár. Tölfræði um námsmat í einstökum áföngum skólans er birt. Niðurstöður kennslukönnanna er hægt að bera saman við niðurstöður könnanna í fyrri skýrslum. Skýrslur með niðurstöðum könnanna sem lagðar voru fyrir á haustönn eru að finna í viðauka við þessa skýrslu.

1. Haustönn 2019

Fyrsta verk sjálfsmatsnefndar var að ljúka við að skrifa sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2018-2019. Nefndin fór yfir niðurstöður foreldrakönnunar sem var lögð fyrir í október.

Að auki voru hefðbundnar kennslu- og áfangakönnunir lagðar fyrir og unnið úr niðurstöðum. Sjálfsmatsnefnd sendi öllum kennurum niðurstöður kennslu- og áfangakönnanna í sínum fögum.

1.1. Niðurstöður námsmats haustannar 2019



Mynd 1: Niðurstöður námsmats haustannar 2019

Meðaleinkunn allra áfanga á önninni var 7,6. Fall á önninni var 4,9 % og 5,6% skráninga í áfanga endaði með úrsögn eða nemendur mættu ekki í próf (brottfall).

Meðalmæting nemenda á önninni var 94,2 %.Tölfræði um námsmat í einstökum áföngum annarinnar er birt í viðauka.

1.2. Innritun nýnema á haustönn 2019

Innritaðir nýnemar á haustönn 2019 voru 37, þar af komu 17 nemendur úr Borgarhólsskóla sem eru 55,1% af nemendum sem útskrifuðust þaðan vorið 2019. Í árangursviðmiði um námsframboð skólans er gert ráð fyrir að meira en 80% nemenda 10. bekkjar Borgarhólsskóla velji FSH. Ljóst er að þetta markmið náðist ekki þessa önnina.

1.3. Brottfall haustannar 2019

Heildarfjöldi eininga með einkunn 0 (Nemendur mættu ekki í lokapróf) var 10, og heildarfjöldi eininga með einkunn H (nemendur hættu í námi) var 110. Brotthvarfseiningar voru því alls 120 eða 3,6 ársnemendur.

1.4. Könnun á viðhorfi foreldra haust 2019

Könnunin var lokuð vefkönnun sem var lögð fyrir 45 einstaklinga. Þátttakendur voru foreldrar/forráðamenn ólöggráða nemenda við skólann. Þeir fengu lykilorð og kynningarbréf á könnuninni senda í bréfpósti. Svarhlutfall var 28,9 %, þ.e. 13 svöruðu. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar er í viðauka við þessa skýrslu.

Tekinn er jákvæður hluti úr spurningum með kvörðunum 1 – 5, mjög gott – frekar gott og mjög vel – frekar vel. Jákvæður hluti er summa af tveimur bestu valmöguleikunum. Markmið skólans er að jákvæður hluti í svona könnunum sé 70% eða meira.

Tafla 1: Niðurstöður foreldrakönnunar haustið 2019**Jákvæð svörun**

	Mj.ánægð (%)	Frekar ánægð (%)	Samtals (%)
1. Ertu ánægð/ur með val barnsins á skóla	84,62	7,69	92,31
2. Var FSH fyrsta val barnsins?	92,31	7,69	100
3. Hversu mikið traust hefur þú á FSH?	53,85	38,46	92,31
4a. Hversu vel hefur þú kynnt þér inntökuskilyrði skólans?	7,69	15,38	23,07
4b. Hversu vel hefur þú kynnt þér skólareglur skólans?	0	23,08	23,08
4c. Hversu vel hefur þú kynnt þér mætingareglur skólans?	15,38	46,15	61,53
4d. Hversu vel hefur þú kynnt þér námsmat skólans?	7,69	30,77	38,46
4e. Hversu vel hefur þú kynnt þér heimasíðu skólans?	0	53,85	53,85
5. Hversu ánægð/ur ert þú með þær upplýsingar sem skólinn veitti foreldrum um nám og ástundun?	46,15	30,77	76,92
6. Hversu vel telur þú þig þekkja starfsemi skólans?	0	61,54	61,54
7. Hversu ánægð/ur ert þú með þá kynningu sem þú fékkst á skólanum áður en barnið þitt hóf nám við skólann?	38,48	38,48	76,96
11. Hversu mikilvægt er að barn þitt ljúki námi úr framhaldsskóla?	46,15	46,15	92,3
13. Hvernig telur þú námsaðstöðu í skólanum vera?	8,33	50	58,33
16. Telur þú að barnið þitt fái nægan svefn?	0	61,54	61,54
17. Hversu vel þekkir þú til starfsemi heilsuráðs FSH?	0	15,38	15,38
18. Hvernig telur þú að barninu þínu líði í skólanum?	53,85	30,77	84,62
MEDALTAL:	28,41	34,86	63,26

Niðurstöður könnunarinnar í heild bera þess merki að foreldrar nemenda kynna sér lítið starfsemi skólans þrátt fyrir greitt aðgengi að upplýsingum. Öllum foreldrum í bæjarfélaginu er boðið á kynningarfund á meðan nemandi er enn í grunnskóla. Öllum foreldrum nýnema við skólann er einnig boðið á kynningarfund í upphafi haustannar. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum á vefsíðu skólans. Að auki er nemendum í 10.bekk í nærsamfélagi boðið í heimsókn í skólann og fá kynningu á starfseminni.

Svarhlutfall var óviðunandi og því ber að taka niðurstöðum með fyrirvara. Þeir foreldrar sem ekki svöruðu könnuninni sýna námi barna sinna lítinn áhuga að því er virðist.

Spurning 4a til 4e (meðaltal jákvæðrar svörunar er 40%, frá 23,07% upp í 61, 53%)

Spurt er um hversu vel foreldrar hafa kynnt sér eftirfarandi atriði:

Inntökuskilyrði, skólareglur, mætingarreglur, námsmat og heimasíðu skólans.

Hæsta skor eru mætingarreglur (61,53%) og lægsta skor inntökuskilyrði og skólareglur (23,07% og 23,8%).

Þessi spurning kemur ívið betur út en í foreldrakönnun 2016 (34,85%) en ljóst er að úrbótatillögur frá þeim tíma skila ekki nægum árangri.

Full ástæða er til að leggja áherslu á að foreldrar nemenda í grunnskólum í nærsamfélagi mæti á kynningarfundum skólans. Ennfremur eru skólayfirvöld hvött til þess að tryggja að upplýsingar um starfsemi skólans séu vel aðgengilegar á heimasíðu skólans. Mikilvægt er að heimasíðu skólans verði sinnt og uppsetning hennar löguð til að auðvelda aðgengi að upplýsingum.

Spurning 13

Spurt er um námsaðstöðu í skólaumhverfinu.

Þegar rýnt er í niðurstöðurnar kemur í ljós að neikvæður hluti er 0% og því dreifist svörin á jákvæðan hluta (telur aðstöðu mjög góða eða frekar góða) og *bæði* og.

Spurning 16

Spurt er um hvort foreldri telji barnið sitt fá nægan svefn.

Skólinn ætti að stuðla að því að nemendur fái nægan tíma til svefns.

Spurning 17

Spurt er um hversu vel foreldrar þekki til heilsuráðs FSH.

Samkvæmt svörum þekkja foreldrar illa til heilsuráðs skólans og starfsemi þess. Matsnefndin telur starfsemi heilsuráðsins mjög mikilvæga fyrir velferð nemenda og skólabraginn og því er nauðsynlegt að foreldrar þekki vel til starfsemi þess. Heilsuráð og stjórnendur FSH þurfa að gera átak í því að kynna heilsuráðið og hlutverk þess fyrir foreldrum nemenda skólans. Matsnefnd leggur til að námsráðgjafi við skólann útbúi upplýsingabækling fyrir nýnema þar sem fram kemur hlutverk skólanefndar, skólaráðs, nemendaráðs, heilsuráðs, hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa, umsjónarkennara ásamt hagnýtum upplýsingum í upphafi framhaldsskólagöngu. Upplýsingabæklingurinn yrði kynntur nýnemum í upphafi annar innan kennslustunda í lífsleikni.

2. Niðurstöður kennslu-og áfangamats á haustönn 2019

Skýrslur um niðurstöður kennslukannanna er að finna í viðauka við þessa skýrslu. Jákvæður hluti er summa af sammála og frekar sammála. Markmið skólans er að jákvæður hluti í svona könnunum sé 70% eða meira.

Tafla 2: Sýnir jákvæðan hluta kennslu- og áfangakannanna haustið 2019

	Jákvæður hluti, kennslukönnun H 2019		
	% sammála	% frekar sammála	% Samtals
SPURNING:			
1. Kennslan hefur verið vel undirbúin	57,83	25,27	83,1
2. Kennarinn virðist kunna fag sitt vel	73,43	18,03	91,46
3. Námsfnið hefur komist vel til skila	37,48	29,31	66,79
4. Ég næ að halda athygli í kennslustundum	25,88	24,34	50,22
5. Fyrirlestrar/fyrirmæli kennara eru skýr og áheyrileg	45,92	30,83	76,75
6. Kennslustundir eru vel nýttar	46,68	31,45	78,13
7. Kennslan er vel skipulögð	47,24	31,44	78,68
8. Kennarinn bregst vel við spurningum	68,03	20,64	88,67
9. Kennarinn hefur örugga framkomu	70,55	20,24	90,79
10. Kennarinn virðist áhugasamur um nám nemenda	64,29	23,86	88,15
11. Mér finnst námið áhugavert	33,55	16,73	50,28
12. Kennarinn bregst vel við gagnrýni/athugasemdum nemenda	52,85	32,59	85,44
13. Yfirferð námsfnis er hæfileg og jöfn	39,90	38,57	78,47
14. Námsáætlun var kynnt nemendum	40,89	30,72	71,61
15. Kennarinn fylgir námsáætlun	41,86	40,34	82,2
16. Kennarinn er sjaldan fjarverandi	52,63	37,02	89,65
17. Kennaranum hefur tekist að virkja mig til starfa	38,44	24,79	63,23
18. Mér finnst námið í áfanganum hafa tilgang	34,73	19,25	53,98
19. Ég er ánægð(ur) með áfangann	41,87	20,99	62,86
20. Ég er ánægð(ur) með kennsluna	42,43	21,42	63,85
21. Hvernig líður þér í áfanganum	47,54	42,48	90,02
22. Mér finnst ég læra af þeirri endurgjöf (einkunn, umsögn, leiðréttingu) sem ég fæ fyrir verkefni mín	48,39	25,4	73,79
Meðaltal	47,84	27,53	75,37

2.1. Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu- og áfangakannanir á haustönn 2019

Hér verða gerðar athugasemdir við niðurstöður einstakra spurninga í könnuninni ef **sammála**, **frekar sammála** og jákvæður hluti, nær ekki 70%.

- Sp. 3. „Námsefni hefur komist vel til skila“. 66,79% jákvæðni
- Sp. 4. „Ég næ að halda athygli í kennslustundum“. 50,22%
- Sp. 11. „Mér finnst námið áhugavert“. 50,28% jákvæðni
- Sp. 17. „Kennaranum hefur tekist að virkja mig til starfa“. 63,23% jákvæðni
- Sp. 18. „Mér finnst námið í áfanganum hafa tilgang“. 53,98% jákvæðni
- Sp.19. „Ég er ánægð(ur) með áfangann“. 62,86% jákvæðni
- Sp.20. „Ég er ánægð(ur) með kennsluna“. 63,85% jákvæðni

Úrbótatillögur vegna niðurstaðna í spurningum 3, 4, 11, 17, 18, 19 og 20

Hér er mikilvægt að kennarar haldi áfram að bæta framsetningu námsefnis þannig að nemendur haldi athygli og finni áhuga og tilgang með náminu. Eftir að snjallsímar voru bannaðir í kennslustundum (sem var úrbótartillaga frá árinu áður til að auka athyglisgetu nemenda) upplifa kennarar heilt yfir að athygli nemenda er meiri gagnvart námsefninu en áður. Þó ekki sjáist marktækur munur í kennslukönnun. Mikilvægt er að halda símareglum á lofti og halda þessu fyrirkomulagi áfram.


Úrbótatillögur sem matsnefnd hefur sett fram þurfa að koma skipulega til framkvæmda á meðal kennara og skólans. Allir kennarar athugi sína kennslu og skoði þau atriði þar sem kennslukannanir sýna að úrbóta sé þörf.

Eftirfylgni: Matsnefnd birtir niðurstöður kennslu-og áfangamats á næstu önnum og úrvinnslu úr þeim tölulegu gögnum sem þar fást. Sérstaklega verður fylgst með niðurstöðum fyrrgreindra spurninga í kennslukönnunum næsta skólaárs.

3. Vorönn 2020

Helsta verk sjálfsmatsnefndar á vorönn var að taka saman viðhorf kennara til breyttra kennsluhátta vegna takmarkana á skólahaldi af völdum Covid-19.

3.1. Niðurstöður námsmats vorannar 2020



Mynd 2: Niðurstöður námsmats vorannar 2020

Meðaleinkunn allra áfanga á önninni var 7,02. 9,5% skráninga í áfanga endaði með falli og 3,8% skráninga í áfanga endaði með úrsögn (einkunn H og O). Meðalmæting nemenda á önninni var 88,2 %. Taka verður með í reikninginn að frá og með 16.mars hófst fjarnám hjá skráðum staðnemunum og mætingaskylda í kennslu féll að mestu niður, fyrir utan fjarfund einu sinni í viku í hverjum áfanga. Slíkt fyrirkomulag hentaði nemendum misvel og dró þess vegna úr heildarmætingu samanborið við fyrri ár. Tölfræði um námsmat í einstökum áföngum annarinnar er birt í viðauka.

Tölfræði um námsmat í einstökum áföngum annarinnar er birt í viðauka. Ef meðaleinkunn milli anna (haust 2019 og vor 2020) er borin saman, sést að hausti er hún 7,57 en á vorönn 7,02. En ef meðaleinkunn vor 2020 er borin saman við vorannir þrjú ár aftur í tímann, þá sést ekki marktækur munur.

3.2. Brottfall vorannar 2020

Heildarfjöldi eininga með einkunn H og O (nemendur hættu eða mættu ekki í próf) var 67. Brottfallseiningar voru því alls 67, eða 2 ársnemendur

3.3. Viðhorf kennara til breyttra kennsluhátta á tímum Covid-19 vorönn 2020

Til stóð að fjarkennsla stæði yfir í þrjár vikur frá og með 16.mars 2020 og var kennsla skipulögð af hverjum kennara sem hefðbundið fjarnám án beinnar kennslu. Þegar gefin var út skipun um áframhaldandi takmarkanir á skólastarfi var kennslufyrirkomulagi breytt í FSH til að stuðla að aukinni virkni nemenda. Útbúin var ný stökkatafla þar sem nemendum bar skylda til að mæta í fjarkennslutíma. Tryggt var að allir nemendur hefðu samskiptaforritið Teams í einkatölvum og þar áttu nemendur og kennarar að hittast. Að auki fylgdust kennarar og námsráðgjafi skólans með verkefnaskilum og virkni nemenda á Kennsluvef (www.moodle.fsh.is). Þar sem kennsla fór öll fram á rafrænu formi voru öll verkefnaskil og öll próftaka framkvæmd í gegnum Kennsluvef. Vert er að taka fram, að öll skriflega lokapróf sem vanalega eru tekin innan veggja skólans urðu að gagnaprófi heima við og skilað inn með rafrænum hætti.

Úttektarfundur kennara í maí 2020

Í lok vorannar komu kennarar saman og fóru yfir hvernig til tókst að kenna við breyttar aðstæður. Unnið var í hópum og allir kennarar fengu tækifæri til að segja frá sinni reynslu. Almenn fannst kennurum ganga vel en sannarlega komu upp hnökrar og oft þurfti að finna nýjar leiðir til að miðla efni til nemenda og fá efni frá nemendum.

Hvað gekk vel?

- Nemendur voru almennt virkir á Kennsluvef og skiluðu verkefnum á fyrirframgefnum tímasetningum.
- Rafrænt form hentar sumum áföngum ágætlega. En það kom sér vel að kenndir hafa verið fjarnámsáfangar við skólann og var hægt að nýta sér þá reynslu.
- Vinnutími var að mati margra sveigjanlegri.
- Þjálfun í fjölbreyttum kennsluháttum sem henta fjarnemum.
- Ýtti kennurum út í að nota og læra á fjarkennsluforrit sem og smáforrit
- Fjarnemendur fengu meiri athygli og aðgengi að námsefni

Hvað hefði mátt ganga betur?

- Nemendum sem þurfa mikið utanumhald í námi gekk ekki nægilega vel og féllu í stökum áföngum.
- Kennsla og undirbúningur var tímafrekt ferli, t.d. glærugerð til undirspils í Teams tímum og upptökur inn á glærur.
- Óskýr skil á milli einkalífs og vinnu hjá kennurum. Upplifun var að mörgu leyti eins og kennarar væru á vakt og svo á bakvakt þess á milli, því staðnemendur kunna illa að vera í fjarnámi. Nemendur sem bjuggust við staðkennslu og þekkja varla annað urðu allt í einu fjarnemar án þess að ætla sér það né vera undirbúnir fyrir slíkt nám.
- Niðurstöður úr prófum verður að taka með fyrirvara þar sem nemendur tóku öll próf utan skóla.
- Lífandi kennsla var erfiðari í framkvæmd. Nemendur voru feimnir í Teams-tímum, tjáðu sig lítið og spurðu lítið. Spurningar bárust síðar með tölvupósti, skilaboðum eða símtölum og þurfti þ.a.l. að svara hverjum og einum sérstaklega.
- Verklegrir þættir lágu algjörlega niðri. Engar tilraunir í raungreinum og íþróttakennsla
- Erfitt er að tryggja að heimaverkefni og heimapróf séu unnin af viðkomandi nemanda
- Persónuleg samskipti minnkuðu og erfitt var að vita hvar nemendur stóðu í náminu, óháð skilum á verkefnum og mætingu í raftíma.
- Hefðbundin sam-og hópavinna lá að mestu leyti niðri
- Misjafnt var eftir áföngum hvort tókst að halda kennsluáætlun og námsframvindu.

4. Fall og brottfall á skólaárinu 2019 - 2020

Fall á haustönn 2019 var 4,9% og brottfall var 5,6 % skráninga.

Fall á vorönn 2020 var 9,5 % og brottfall var 3,8 % skráninga.

4.1. Umfjöllun um brottfall

Athyglisvert er að brottfall á vorönn 2020 sker sig tölfræðilega á engan hátt úr frá námsönnum undanfarinna ára, þrátt fyrir að kennsla á síðari hluta vorannar væri í

fjarnámi. Ef skólaárið í heild er skoðað, 2019-2020, sést að veruleg aukning er á falli á vorönn frá haustinu áður. Aftur á móti er brottfall minna á vorönn samanborið við haustönn á síðastliðnu skólaári.

Ástæðan kann að vera, að nemendur hættu ekki í skólanum eftir að fjarnám hófst en sumir hættu að stunda nám og féllu í stökum áföngum af þeim sökum. Ógerlegt var að framfylgja mætingarreglum sökum forms kennslu og því varð brottfall í einstökum áföngum minna.

4.2. Úrbótatillögur vegna falls og brottfalls á skólaárinu

Mikilvægt er að kennarar haldi áfram að huga sérstaklega að þeim nemendum sem virðast vera í mestri brottfallshættu að loknum vörðuviðtölum og miðannarmati. Þessir nemendur þurfa að fá sérstaka aðstoð frá fagkennurum, umsjónarkennara og námsráðgjafa. Aðstoð getur falist í að skilafrestur á verkefnum er sveigjanlegur og/eða próftaka útfærð eftir þörfum nemenda. Fagkennarar geta aðstoðað nemendur sérstaklega t.d. í vinnustundartímum, sem virkar þá eins og stoðkennsla.

Fagkennarar verða að fá upplýsingar frá stjórnendum í upphafi annar um nýja nemendur í sínum greinum með sértæka námsörðugleika og örðugleika sem bitnað geta á náminu. Þannig er hægt að bregðast við á viðeigandi hátt.

Eftirfylgni: Brottfallstölur hverrar annar héðan í frá og meta árangur af úrbótatillögum.

Lokaorð

Þessi sjálfsmatsskýrsla skoðaði skólastarfið eins og það var á skólaárinu 2019 – 2020 samkvæmt Verk- og framkvæmdaáætlun sjálfsmatsnefndar sem hægt er að sjá á heimasíðu FSH.

Á haustönn 2019 var lögð fyrir könnunin „Viðhorfskönnun foreldra“. Svör fengust frá 13 aðilum, eða 28,9% svörun.

Á vorönn 2020 var gerð samantekt á viðhorfum kennara til breyttra kennslu-og námshátta á tímum Covid.

Aðeins á haustönn voru lagðar fyrir nemendur hefðbundnar kennslu-og áfangakannanir, einn áfangi frá hverjum kennara.

Tölfræði skólaársins, brottfall og ástundun nemenda, er einnig birt í skýrslunni og borin saman á milli anna.

Sjálfsmatsnefnd FSH,

Gunnar Baldursson, Rakel Dögg Hafliðadóttir, Smári Sigurðsson

Viðauki



Foreldrakönnun haust 2019

(Foreldrakönnun haust 2019 9.10.2019)

Lýsing á Rannsókn


Nafn	Foreldrakönnun haust 2019 9.10.2019
Gerð virk	27.9.2019 - 12:58
Gerð óvirk	9.10.2019 - 12:54
Tímabil	27.9.2019 - 9.10.2019
Aðferð	Lokuð vefkönnun
Númer könnunar	29280

Stærð úrtaks og svörun

Upphaflegt úrtak	45
Fjöldi svarenda	13
Svöruðu ekki	32
Svarhlutfall	28,89%


1. Ertu ánægð(ur) með val barnsins á skóla?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	11	84,62%	+/-19,61%
Frekar ánægð(ur)	1	7,69%	+/-14,49%
Bæði og	1	7,69%	+/-14,49%
Frekar óánægð(ur)	0	0,00%	+/-0,00%
Mjög óánægð(ur)	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	13	100%	




2. Var Framhaldsskólinn á Húsavík fyrsta val barnsins?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Já	12	92,31%	+/-14,49%
Nei	1	7,69%	+/-14,49%
Alls	13	100%	




3. Hve mikið traust hefur þú á Framhaldsskólanum á Húsavík?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög mikið	7	53,85%	+/-27,10%
Frekar mikið	5	38,46%	+/-26,45%
Í meðallagi	1	7,69%	+/-14,49%
Frekar lítið	0	0,00%	+/-0,00%
Mjög lítið	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	13	100%	




4. Hversu vel hefur þú kynnt þér eftirfarandi starfsemi skólans?

	Fjöldi	Mjög mikið	Frekar mikið	Nokkuð	Frekar lítið	Mjög lítið
Inntökuskilyrði	13	8%	15%	31%	46%	0%
Skólareglur	13	0%	23%	38%	38%	0%
Mætingarreglur	13	15%	46%	23%	8%	8%
Námsmat	13	8%	31%	38%	23%	0%
Heimasíðu skólans	13	0%	54%	15%	31%	0%



5. Hversu ánægð(ur) ert þú með þær upplýsingar sem skólinn veitir foreldrum um nám og ástundun?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	6	46,15%	+/-27,10%
Frekar ánægð(ur)	4	30,77%	+/-25,09%
Bæði og	1	7,69%	+/-14,49%
Frekar óánægð(ur)	0	0,00%	+/-0,00%
Mjög óánægð(ur)	0	0,00%	+/-0,00%
Ef óánægð(ur), hvað þarf þá að bæta?	2	15,38%	+/-19,61%
Alls	13	100%	




:

- | Hef ekkert fengið
- | Myndi vilja sjá Innu notaða meira..


6. Hversu vel telur þú þig þekkja starfsemi skólans?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög vel	0	0,00%	+/-0,00%
Frekar vel	8	61,54%	+/-26,45%
Bæði og	4	30,77%	+/-25,09%
Frekar illa	1	7,69%	+/-14,49%
Mjög illa	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	13	100%	




7. Hversu ánægð(ur) ert þú með þá kynningu sem þú fékkst á skólanum áður en barnið þitt hóf nám við skólann?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	5	38,46%	+/-26,45%
Frekar ánægð(ur)	5	38,46%	+/-26,45%
Bæði og	2	15,38%	+/-19,61%
Frekar óánægð(ur)	0	0,00%	+/-0,00%
Mjög óánægð(ur)	1	7,69%	+/-14,49%
Alls	13	100%	




8. Álítur þú að skólinn stuðli almennt að góðum árangri nemenda?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Já	13	100,00%	+/-0,00%
Nei	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	13	100%	




9. Telur þú að skólinn hafi velferð nemandans að leiðarljósi í daglegu starfi?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Já	13	100,00%	+/-0,00%
Nei	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	13	100%	



10. Hvað finnst þér að skólinn ætti að leggja áherslu á í forvarnarstarfi sínu?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Reykingar / veip	2	16,67%	+/-21,09%
Áfengi	0	0,00%	+/-0,00%
Ólögleg vímuefni	5	41,67%	+/-27,89%
Kynfræðslu	0	0,00%	+/-0,00%
Geðfræðslu	3	25,00%	+/-24,50%
Annað, hvað þá?	2	16,67%	+/-21,09%
Alls	12	100%	




:

- | Allt ofantalið mjög mikilvægt. Mætti bæta inn fjármálalæsi, sjálstyrking sem myndi þá haldast sterkt í hendur með geðfræðslu.
- | Og bara allt sem talið er upp!


11. Hve mikilvægt er að barn þitt ljúki námi úr framhaldsskóla?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög mikilvægt	6	46,15%	+/-27,10%
Frekar mikilvægt	6	46,15%	+/-27,10%
Bæði og	1	7,69%	+/-14,49%
Frekar lítilvægt	0	0,00%	+/-0,00%
Mjög lítilvægt	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	13	100%	




12. Af hvaða braut myndir þú kjósa að barnið þitt útskrifaðist úr framhaldsskóla?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Almenn braut	0	0,00%	+/-0,00%
Félags og hugvísindabraut	5	38,46%	+/-26,45%
Náttúruvísindabraut	6	46,15%	+/-27,10%
Opin stúdentsbraut	1	7,69%	+/-14,49%
Starfsbraut	0	0,00%	+/-0,00%
Önnur braut	1	7,69%	+/-14,49%
Alls	13	100%	




13. Hvernig telur þú námsaðstöðu í skólanum vera?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög góða	1	8,33%	+/-15,64%
Frekar góða	6	50,00%	+/-28,29%
Bæði og	5	41,67%	+/-27,89%
Frekar slæma	0	0,00%	+/-0,00%
Mjög slæma	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	12	100%	



14. Hefur vinna með námi áhrif á námsárangur?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Já, hvaða áhrif?	3	25,00%	+/-24,50%
Veit ekki	5	41,67%	+/-27,89%
Nei	4	33,33%	+/-26,67%
Alls	12	100%	




:

- ┆ Fer eftir einstakling
- ┆ Já myndi telja það líklegt og legg því ekki upp úr .Því að barnið mitt vinni með skóla.
- ┆ Já tel vinnu ekki geta haft annað en áhrif á námsárangur. En hvort hann er til hins betra eða verra er stóra spurningin. Tel vinnu í góðu hófi geta haft góð áhrif á námsárangur þar sem þau ættu að geta lært að temja sér ýmsa góða siði úr "fullorðinsheimi" sem nýtast þeim áfram í námi og lífi. En jafnframt of mikil vinna getur haft slæm áhrif á námsárangur ef hún truflar námið og getu til að sækja skóla.


15. Ert þú virkur þátttakandi í starfsemi Foreldrafélags FSH ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Já	3	23,08%	+/-22,90%
Nei	10	76,92%	+/-22,90%
Alls	13	100%	




16. Telur þú að barnið þitt fái nægan svefn?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Alltaf	0	0,00%	+/-0,00%
Oft	8	61,54%	+/-26,45%
Stundum	4	30,77%	+/-25,09%
Sjaldan	1	7,69%	+/-14,49%
Aldrei	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	13	100%	




17. Hversu vel þekkir þú til starfsemi heilsuráðs FSH?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
mjög vel	0	0,00%	+/-0,00%
frekar vel	2	15,38%	+/-19,61%
bæði - og	2	15,38%	+/-19,61%
frekar lítið	7	53,85%	+/-27,10%
mjög lítið	2	15,38%	+/-19,61%
Alls	13	100%	



18. Hvernig telur þú að barninu þínu líði í skólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
mjög vel	7	53,85%	+/-27,10%
frekar vel	4	30,77%	+/-25,09%
bæði - og	1	7,69%	+/-14,49%
frekar illa	1	7,69%	+/-14,49%
mjög illa	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	13	100%	



Upplýsingar um hvernig tölfraði skýrslunnar er reiknuð

A. Töflur

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru birtar í töflum og gröfum. Texti spurningarinnar sést efst í töflunni. Í töflunni eru birtir allir svarmöguleikar ásamt fjölda þeirra sem velja hvern svarmöguleika, prósentutölur og vikmörk hlutfalla. Töflurnar sem birta samkeyrslu (greiningu) spurninga sýna heildarfjölda svarenda sem svara tiltekinni spurningu, sniðmengi svara eru þeir þátttakendur sem svara báðum spurningum, þ.e. þeirri sem verið er að greina og þeirri sem verið er að greina eftir. Niðurstöður útreikninganna má birta ýmist eða bæði sem prósentu- eða fjöldatölu.

B. Vikmörk hlutfalla

Til að meta gildi niðurstaða rétt þarf grundvallarskilning á vikmörkum hlutfalla. Vikmörk hlutfalla segja til um hversu nálægt rétt niðurstaða er með einhverri tiltekinni vissu. Sem stendur segir þessi tala okkur með 95% vissu að hlutfall svarenda liggja á útreiknuðu bili +/- vikmörkin (hlutfall svara getur auðvitað ekki orðið minna en 0% eða meira en 100%). Dæmi: sé hlutfall svarmöguleikans "mjög gott" 78% og vikmörkin 4,5%, er vitað með 95% vissu að hlutfallið liggur á bilinu, 73,5% - 82,5% (78% +/- 4,5%).

C. Gröf

Gröf í Outcome eru ýmist súlurit, kökurit eða línurit. Með þeim myndrænan hátt meta niðurstöður hverrar spurningar.

Námsárangur hópa eftir áföngum – haustönn 2019

Áfangi	Hópur	Kennari	Meðal einkunn	Fjöldi nema í hóp	Fjöldi með fall	Fjöldi með fall (úrsagnir með)	Fjöldi í próf/lokamat	Fjöldi nema í upphafi annar	Fjöldi úrsagna	Fall af fjölda í prófi	Fall og úrsagnir af fjölda í upphafi annar
AÍPR1AÍ02(11)	1	SP		0	0	0	0	0	0	0	0
AÍPR1AÍ02(12)	1	SP		0	0	0	0	0	0	0	0
AÍPR1AÍ02(13)	1	SP		3	0	0	3	3	0	0	0
AÍPR1AÍ02(14)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
AÍPR1AÍ02(15)	1	SP		5	0	0	5	5	0	0	0
AÍPR1AÍ02(16)	1	SP		1	0	0	1	1	0	0	0
DANS2LO05(11)	1	ERB	7,24	21	1	1	20	21	0	5	4,76
EFED1EE05(11)	1	GB	6,89	18	3	3	18	18	0	16,67	16,67
EFNA3GE05(31)	1	GB	6,14	7	1	2	7	8	1	14,29	25,00
EFNA3LR05(42)	1	ERB	8	6	0	1	6	7	1	0	14,29
ENSK1RL05(02)	1	US	6	5	0	1	5	6	1	0	16,67
ENSK2BL05(11)	1	US	8,2	15	0	0	15	15	0	0	0
ENSK3MB05(31)	1	US	7,89	19	0	0	19	19	0	0	0
FÉLV1F05(11)	1	SP	5,8	20	3	3	20	20	0	15	15,00
FÉLV3T05(31)	1	IF	8,1	10	0	0	10	10	0	0	0
INNU2GR05	1	HBS	9,38	16	1	4	16	19	3	6,25	21,05
ÍSLE1MB05(02)	1	ÁS	6,33	9	1	3	9	11	2	11,11	27,27
ÍSLE2MÁ05(11)	1	ÁS	7,38	13	1	2	13	14	1	7,69	14,29
ÍSLE3EE05(42)	1	ÁS	7,24	17	1	1	17	17	0	5,88	5,88
ÍSLE3MI05(31)	1	ÁS	6,88	24	1	1	23	24	0	4,35	4,17
ÍPRF2bA05(11)	1	SP	7,89	9	0	2	9	11	2	0	18,18
ÍPRÓ1GL01(11)	1	SP	7,88	8	1	2	8	9	1	12,50	22,22
ÍPRÓ1GL01(11)	2	SP	7,63	8	2	2	8	8	0	25,00	25,00
ÍPRÓ1GL01(21)	1	SP	8	1	0	1	1	2	1	0	50,00
ÍPRÓ1HH01(31)	1	SP	8,53	16	0	1	16	17	1	0	5,88
ÍPRÓ1HH01(31)	2	SP	8	1	0	0	1	1	0	0	0
ÍPRÓ1HH01(32)	1	SP	6	1	0	0	1	1	0	0	0
ÍPRÓ1HH01(33)	1	SP	9	10	0	0	10	10	0	0	0
ÍPRÓ1HH01(33)	2	SP		0	0	0	0	0	0	0	0
ÍPRÓ1HH01(34)	1	SP	8	2	1	1	1	2	0	100	50,00
ÍPRÓ1HH01(34)	2	SP	9	1	0	0	1	1	0	0	0
JARÐ2AJ05(21)	1	GB	6,73	11	0	0	11	11	0	0	0
KLNU3NT07	1	HBS	9,06	16	1	4	16	19	3	6,25	21,05
LÍFF3VF05(23)	1	ERB	7,67	9	0	0	9	9	0	0	0
LÍFS1HN05(11)	1	RDH	8,18	17	2	3	17	18	1	11,76	16,67
NÁMI1NS01(01)	1	RDH		9	1	2	8	10	1	12,50	20,00
SAGA1YS05(11)	1	VS	7,77	13	2	3	13	14	1	15,38	21,43
SAGA2OL05(31)	1	VS	7,23	13	1	2	13	14	1	7,69	14,29
SAGA3MM05(33)	1	VS	7,44	9	0	0	9	9	0	0	0
SÁLF2IS05(11)	1	RDH	7,53	17	0	1	17	18	1	0	5,56
SÁLF3GE05(31)	1	RDH	7,78	9	0	0	9	9	0	0	0
SÉR100	1	AG/ AJ/ SNR		7	0	0	0	7	0	0	0
STÆR1XZ05(02)	1	RDH	5,67	9	2	3	9	10	1	22,22	30,00
STÆR2JV05(11)	1	KAH	7,73	15	0	0	15	15	0	0	0
STÆR2VH05(22)	1	KAH	8,29	7	0	0	7	7	0	0	0
STÆR3HI05(51)	1	KAH	7,33	6	0	0	6	6	0	0	0
PÝSK1GR05(11)	1	HRT	7,88	17	0	1	17	18	1	0	5,56
PÝSK1PB05(31)	1	CMCS	7,5	12	0	0	12	12	0	0	0

Meðaltal 7,57
Staðalfrávik 0,89


Námsárangur hópa eftir áföngum – vorönn 2020

Áfangi	Hópur	Kennari	Meðal einkunn	Fjöldi nema í hóp	Fjöldi með fall	Fjöldi með fall (úrsagnir með)	Fjöldi í próf/loka mat	Fjöldi nema í upphafi annar	Fjöldi úrsagna	Fall af fjölda í prófi	Fall og úrsagnir af fjölda í upphafi annar
AÍPR1AÍ02(11)	1	SP		5	0	0	5	5	0	0	0
AÍPR1AÍ02(12)	1	SP		1	0	0	1	1	0	0	0
AÍPR1AÍ02(13)	1	SP		1	0	0	1	1	0	0	0
AÍPR1AÍ02(14)	1	SP		3	0	0	3	3	0	0	0
AÍPR1AÍ02(15)	1	SP		0	0	0	0	0	0	0	0
AÍPR1AÍ02(16)	1	SP		3	0	0	3	3	0	0	0
AUUM1AU05(11)	P	GB	6,8	5	0	0	5	5	0	0	0
DANS2TL05(21)	1	ERB	7,35	17	3	3	17	17	0	17,65	17,65
EDL12LA05(21)	1	GB	8,92	12	0	1	12	13	1	0	7,69
EFNA2AE05(21)	1	GB	9,5	6	0	0	6	6	0	0	0
EFNA3RS05(41)	1	GB	8,2	5	0	1	5	6	1	0	16,67
ENSK1BÓ03(11)	1			3	0	0	3	3	0	0	0
ENSK1BÓ03(12)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
ENSK1BÓ03(15)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
ENSK1TL03(11)	1			3	0	0	3	3	0	0	0
ENSK2BO05(21)	1	US	8,47	19	0	1	19	20	1	0	5
ENSK3VO05(32)	1	US	8,44	18	0	0	18	18	0	0	0
FÉLV2KA05(21)	1	SP	6,93	15	1	1	15	15	0	6,67	6,67
FORR1GR05(12)	1			7	0	0	7	7	0	0	0
FRÉT1SB03(12)	1			5	0	0	5	5	0	0	0
HÖNN1HH05(11)	1	SNR	3,5	7	4	6	7	9	2	57,14	66,67
ÍSLE1AT05(14)	1			5	0	0	5	5	0	0	0
ÍSLE1AT05(15)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
ÍSLE1MB03(01)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
ÍSLE1SB05(12)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
ÍSLE2BÓ05(21)	1	ÁS	7,5	16	1	1	16	16	0	6,25	6,25
ÍSLE2MÁ05(11)	1	ÁS	5,09	11	3	4	10	12	1	30,00	33,33
ÍSLE3EE05(32)	1	ÁS	7	20	2	2	20	20	0	10,00	10,00
ÍPRÓ1GL01(11)	1	SP	6,5	2	0	0	2	2	0	0	0
ÍPRÓ1GL01(11)	2	SP		1	0	0	1	1	0	0	0
ÍPRÓ1GL01(21)	1	SP	7,13	8	2	3	8	9	1	25,00	33,33
ÍPRÓ1GL01(21)	2	SP	7,57	7	1	1	7	7	0	14,29	14,29
ÍPRÓ1HH01(31)	1	SP		0	0	0	0	0	0	0	0
ÍPRÓ1HH01(31)	2	SP	7	1	0	0	1	1	0	0	0
ÍPRÓ1HH01(32)	1	SP	9,14	14	1	1	14	14	0	7,14	7,14
ÍPRÓ1HH01(32)	2	SP	5,8	5	1	1	5	5	0	20,00	20,00
ÍPRÓ1HH01(33)	1	SP		0	0	0	0	0	0	0	0
ÍPRÓ1HH01(33)	2	SP	4	2	1	1	2	2	0	50,00	50,00
ÍPRÓ1HH01(34)	1	SP	9,4	10	0	0	10	10	0	0	0
ÍPRÓ1HH01(34)	2	SP	5	1	0	0	1	1	0	0	0
ÍPRÓ1SB04(11)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
ÍPRÓ1SB04(12)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
ÍPRÓ1SB04(14)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
ÍPRÓ1SB04(16)	1			2	0	0	2	2	0	0	0
LANF2NM05(11)	1	VS	5,92	13	3	3	13	13	0	23,08	23,08
LÍFF2AL05(11)	1	ERB	7,6	20	0	1	20	21	1	0	4,76
LÍFF3LL05(22)	1	ERB	8	6	0	0	6	6	0	0	0
LÍFS1SB05(12)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
LÍFS1TÓ05(14)	1			7	0	0	7	7	0	0	0
LOK100	1			2	0	0	0	2	0	0	0
MAVE3SP02	1	HBS		15	0	0	0	15	0	0	0
MYMM1SB05(11)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
NÁMI1NS01(02)	1	RDH	1	2	2	3	2	3	1	100,00	100,00
NÆRI2NN05(11)	1	RDH	7,46	26	3	4	26	27	1	11,54	14,81
RANN3ER05(11)	1	RDH	9	3	0	0	3	3	0	0	0
RAUN1SB03(11)	1			3	0	0	3	3	0	0	0
SAGA2YS05(21)	1	VS	8,46	13	0	0	13	13	0	0	0
SAGA3MM05(33)	1	VS	7,85	13	0	0	13	13	0	0	0
SÁLF2PS05(21)	1	RDH	7,44	16	2	2	16	16	0	12,50	12,50
SÁLF3FP05(32)	1	RDH	6,75	8	1	1	8	8	0	12,50	12,50
SÉR100	1	AJ/ SNR		8	0	0	0	8	0	0	0
SOGN3SO05	1	HBS		15	0	0	0	15	0	0	0
STAR1VS05(19)	1			3	0	0	3	3	0	0	0
STÆR1DL05(15)	1			6	0	0	6	6	0	0	0
STÆR2JV05(11)	1	KAH	5,13	8	2	3	8	9	1	25,00	33,33
STÆR2TÓ05(21)	1	ERB	8,4	20	0	0	20	20	0	0	0
STÆR3DF05(31)	1	KAH	7,33	6	1	2	6	7	1	16,67	28,57
STÆR3TD05(61)	1	KAH	9,25	4	0	0	4	4	0	0	0
SUND1SB04(12)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
SVNU3SN05	1	HBS		15	0	0	0	15	0	0	0
TÖLV1SB05(12)	1			1	0	0	1	1	0	0	0
ÚTIV2VV05(11)	1	SP	4,29	7	4	5	7	8	1	57,14	62,50
ÞÝSK1GF05(21)	1	HRT	6,45	20	2	2	19	20	0	10,53	10,00


Meðaltal: 7,02
Staðalfrávik: 1,84

Meðaleinkunnir frá hausti 2009 til vors 2020


Námsönn	Einkunn
H09	6,9
V10	7,2
H10	7,4
V11	7
H11	7,4
V12	7,5
H12	6,9
V13	7,2
H13	7,9
V14	7,1
H14	7,3
V15	7,5
H15	7,6
V16	7,1
H16	7,4
V17	7
H17	6,9
V18	6,8
H18	6,7
V19	7,4
H19	7,6
V20	7,0




1. Kennarinn hefur verið vel undirbúinn




2. Kennarinn virðist kunna fag sitt vel




3. Námsefnið hefur komist vel til skila




4. Ég næ að halda athygli í kennslustundum




5. Fyrirlestrar/fyrirmæli kennara eru skýr og áheyrileg




6. Kennslustundir eru vel nýttar




7. Kennslustund er vel skipulögð




8. Kennarinn bregst vel við spurningum




9. Kennarinn hefur örugga framkomu




10. Kennarinn virðist áhugasamur um nám nemenda




11. Mér finnst námið áhugavert




12. Kennarinn bregst vel við gagnrýni/athugasemdum nemenda




13. Yfirferð námsefnis er hæfileg og jöfn




14. Námsáætlun var kynnt fyrir nemendum




14. Kennarinn fylgir námsáætlun




16. Kennarinn er sjaldan fjarverandi




17. Kennaranum hefur tekist að hvetja mig til starfa




18. Mér finnst námið í áfanganum hafa tilgang




19. Ég er ánægð(ur) með áfangann



20. Ég er ánægð(ur) með kennsluna



21. Hvernig líður þér í áfanganum?



22. Mér finnst ég læra af þeirri endurgjöf (einkunn, umsögn, leiðréttingum) sem ég fæ fyrir verkefni mín

